



FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Mánudaginn 16. desember 2024 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl. 8:30 á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt Halldór Gunnar Ólafsson, Erla María Lárusdóttir, Guðbjörg Eva Guðbjartsdóttir, Péturína Laufey Jakobsdóttir, Arnar Ólafur Viggósson og Alexandra Jóhannesdóttir sveitarstjóri.

Arnór Tumi Finnsson verkefnastjóri fjármála sat fundinn undir 2.-5. og 7.-8. dagskrárlíð.

Oddviti óskaði eftir því að breyting yrði gerð á dagskrá og bætt yrði við liðunum Ákvörðun um námsstyrki til nemenda og ákvörðun um frístundastyrki 2025 undir 4. og 5. dagskrárlíð. Breytingin var borin upp til atkvæðagreiðslu og samþykkt samhljóða með 5 greiddum atkvæðum.

1. Skýrsla sveitarstjóra

Sveitarstjóri fór yfir þau verkefni sem unnin hafa verið á vettavangi sveitarfélagsins frá síðasta fundi. Skýrslan var flutt munnlega og til kynningar.

2. Fjárhagsáætlun 2025 til 2028 síðari umræða

Fyrir fundinum lá tillaga að fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árin 2025 til 2028 til síðari umræðu en áætlunin var áður til umfjöllunar hjá sveitarstjórn þann 23. nóvember síðastliðinn.

Í tillögu að fjárhagsáætlun 2025 er rekstrarniðurstaða samstæðu jákvæð um 11 m.kr. Rekstrarniðurstaða samstæðu fyrir afskriftir og fjármagnsliði er jákvæð um 78,6 m.kr., afskriftir eru 57,5 m.kr. og fjármagnsliðir nettó 9,8 m.kr. Tekjur eru áætlaðar 946 m.kr., þar af eru skatttekjur og framlög jöfnunarsjóðs 684 m.kr. og aðrar rekstrartekjur 262 m.kr. Rekstrargjöld eru áætluð 930 m.kr. og þar af er laun og lífeyrisskuldbindingar 449 m.kr. Veltufé frá rekstri samstæðu er jákvæð um 92,8 m.kr. Fjárfestingar á árinu er áætlaðar 67,3 m.kr. Stærstu fjárfestingaþættirnir eru 44,5 m.kr vegna hafnarframkvæmda, 11,3 m.kr í fasteignaframkvæmdir og 8 m.kr. í gatnaframkvæmdir. Gert er ráð fyrir lántöku árið 2025 að upphæð 100 m.kr. vegna framkvæmda. Áætlað handbært fé í árslok er því 29,8 m.kr. Í áætlun árunna 2025 til 2028 er gert ráð fyrir jákvæðri rekstrarniðurstöðu samstæðu öll árin.



Sveitarstjóri og verkefnastjóri fjármála gerðu grein fyrir helstu breytingum frá fyrri umræðu. Sveitarstjórn ræddi áætlunina og fór yfir meginþætti hennar.

Fjárhagsáætlun fyrir 2025 til 2028 var borin upp til atkvæðagreiðslu og samþykkt samhljóða með fimm greiddum atkvæðum.

Ákvörðun um útsvar vegna tekna ársins 2025

Fyrir fundinum lá tillaga um að álagningarhlutfall útsvars fyrir árið 2025 yrði óbreytt eða 14,97%.

Sveitarstjórn samþykkti framlagða tillögu samhljóða með fimm greiddum atkvæðum.

Gjaldskrá fasteignagjalda 2025

Fyrir fundinum lá tillaga að álagningu og álagningarreglum fasteignagjalda fyrir árið 2025:

Fasteignaskattur:

Álagning á íbúðarhúsnæði (A-flokkur) verði 0,48% af álagningarstofni.

Álagning á opinberar stofnanir (B-flokkur) verði 1,32% af álagningastofni.

Álagning á verslunar- og atvinnuhúsnæði verði (C-flokkur) 1,65% af álagningarstofni.

Lóðarleiga:

Lóðarleiga verði 1,65% af fasteignamatsverði lóða.

Vatnsskattur:

Vatnsskattur verði 0,3% af fasteignamati að lágmarki 10.000 kr. og á íbúðarhúsnæði að hámarki 70.000 kr.

Holræsagjald:

Holræsagjald verði 0,24% af fasteignamati lóða og mannvirkja.

Rotþró 0000-2000 ltr verði 15.136 kr. á ári.

Rotþró 2001-4000 ltr verði 17.755 kr. á ári.

Rotþró 4001-6000 ltr verði 20.666 kr. á ári.

Rotþró umfram 6000 ltr verði 3.129 kr. á ári per rúmmetra.

Rotþró barkagjald verði 4.272 kr. á ári.

Sorphirðugjald /sorpeyðingargjald:

Sorphirðugjald verði 100.000 kr./íbúð fyrir reglubundna sorphirðu og eyðingu.

Sorpeyðingargjald verði 31.500 kr./sumarhús og íbúðir þar sem ekki er regluleg sorphirða.

Sorpeyðingargjald á hesthús og fjárhús verði 11.200 kr./hús í notkun.

Sorpeyðingargjöld á fyrirtæki verða samkvæmt gjaldskrá.



Leiga ræktunarlóða:

Fyrir hvern ha ræktunarlóða er greitt fast leigugjald. Auk þess greiða lóðarhafar fasteignagjöld af lóðunum skv. fasteignamatí.

Lóðaleiga verði 10.454 kr./ha.

Gjalddagar:

Gjalddagar fasteignagjalda eru átta, frá 1. febrúar til 1. september, en á smærri upphæðum eru gjalddagar einn eða tveir. Gjaldagi á 0-30.000 kr. er 1. febrúar fyrir hvert fasteignanúmer, en skiptist í tvo gjalddaga 1. febrúar og 1. mars fyrir upphæðir á bilinu kr. 30.001-60.000.

Eftirfarandi reglur gildi um lækkun fasteignaskatta elli- og örorkulífeyrisþega:

Fasteignaskattur verður eingöngu lækkaður af íbúðum elli- og örorkulífeyrisþega, sem þeir búa í sjálfir. Til viðmiðunar eru allar tekjur viðkomandi, þar með taldar fjármagnstekjur samkvæmt skattframtali næst liðins árs.

Fasteignaskattur lækki um allt að kr. 50.000,- hjá:

- Einstaklingum með tekjur allt að 4.436.000 kr/ári
- Hjónum eða fólki í sambúð með tekjur allt að 7.262.000 kr/ári

Fasteignaskattur lækki um allt að kr. 30.000,- hjá:

- Einstaklingum með tekjur allt að 5.548.000 kr/ári
- Hjónum eða fólki í sambúð með tekjur allt að 9.070.000 kr/ári

Sveitarstjórn samþykkti framlagða tillögu samhljóða með fimm greiddum atkvæðum.

3. Gjaldskrár 2024

Fyrir fundinum lá tillaga að gjaldskrár 2025. Almenn hækkun gjalda er að jafnaði 3,5%. Sveitarstjórn samþykkti framlagða tillögu samhljóða með fimm greiddum atkvæðum.

4. Ákvörðun um námsstyrki til nemenda 2025

Fyrir fundinum lá tillaga að reglum um námsstyrki til framhaldsskólanema vegna 2025. Lagt er til að námsstyrkur fyrir 30 eininga nám muni nema 30.000 kr. fyrir heilt námsár eða 15.000 kr. per önn.

Sveitarstjórn samþykkti framlagða tillögu samhljóða með fimm greiddum atkvæðum.



5. Ákvörðun um frístundastyrki 2025

Fyrir fundinum lá tillaga að upphæð frístundastyrkja vegna 2025 verði óbreytt á milli ára og nemi 25.000 kr. per barn.

Sveitarstjórn samþykkti framlagða tillögu samhljóða með fimm greiddum atkvæðum.

6. Samþykkt um kjör fulltrúa í stjórnnum, ráðum og nefndum Sveitarfélagsins Skagastrandar

Fyrir fundinum lá tillaga að breytingum á *Samþykkt um kjör fulltrúa í stjórnnum, ráðum og nefndum Sveitarfélagsins Skagastrandar* frá 2017. Tillagan felur í sér að lækka þá prósentu af þingfararkaupi sem laun kjörinna fulltrúa eru miðuð við. Launakjör kjörinna fulltrúa lækki því og miðist við sömu upphæð og þau námu fyrir hækkun á þingfararkaupi þann 1. júlí 2024. Var tillagan borin upp til atkvæðagreiðslu og samþykkt samhljóða með 5 greiddum atkvæðum.

7. Rekstraryfirlit jan-okt 2024 og framkvæmdayfirlit jan-nóv 2024

Fyrir fundinum lá rekstraryfirlit vegna jan-okt 2024 og framkvæmdayfirlit vegna jan-sep 2024 sem verkefnastjóri fjármála fór yfir og útskýrði. Voru yfirlitin lögð fram til kynningar.

8. Viðauki 2 við fjárhagsáætlun 2024

Fyrir fundinn lá tillaga að viðauka 2 við fjárhagsáætlun ársins sem verkefnastjóri fjármála fór yfir og útskýrði. Í tillögunni er gert ráð fyrir breytingum á rekstri sem nema 5 m.kr. í tekjur umfram gjöld, breytingu á framkvæmdaáætlun og frestun lántöku. Rekstrarniðurstaða samstæðu samkvæmt tillögu að viðauka 2 við áætlun verði 100 m.kr. í gjöld umfram tekjur. Stærstu breytingar í rekstri tengjast auknu útsvari, á móti launagjöldum.

Viðauki 2 við fjárhagsáætlun 2024 var samþykktur samhljóða með fimm greiddum atkvæðum.

9. Samningur um refaveiði við Umhverfisstofnun

Fyrir fundinum lá samningur sveitarfélagsins við Umhverfisstofnun varðandi refaveiði og er samningurinn til þriggja ára. Var samningurinn borinn upp til staðfestingar sveitarstjórnar og samþykktur samhljóða með fimm greiddum atkvæðum.

10. Minnisblað – lífúrgangur á Norðurlandi vestra

Fyrir fundinum lá Minnisblað um nálgun, leiðir og sviðsmyndir varðandi söfnun og meðhöndlun lífúrgangs sem fellur til í sveitarfélögum innan SSNV unnið af Stefáni Gíslasyni hjá Environice. Var Minnisblaðið lagt fram til kynningar.



11. Sala fasteigna

a. Suðurvegur 12 – F2139016

Fyrir fundinum lá tillaga um að setja fasteign sveitarfélagsins að Suðurvegi 12, fasteignanúmer F2139016 merking 01 0101 til sölu. Var tillagan borin upp til atkvæðagreiðslu og samþykkt samhljóða með fimm greiddum atkvæðum af sveitarstjórn. Var sveitarstjóra falið að annast sölu eignarinnar og veitt umboð til þess að ganga frá afgreiðslu og undirritun kaupsamnings vegna fasteignarinnar.

b. Túnbraut 5 – F2139049

Fyrir fundinum lá tillaga um að setja fasteign sveitarfélagsins að Túnbraut 5, fasteignanúmer F2139049 merking 01 0102 til sölu. Var tillagan borin upp til atkvæðagreiðslu og samþykkt samhljóða með fimm greiddum atkvæðum af sveitarstjórn. Var sveitarstjóra falið að annast sölu eignarinnar og veitt umboð til þess að ganga frá afgreiðslu og undirritun kaupsamnings vegna fasteignarinnar.

12. Herring Hotel

Fyrir fundinum lágu drög að teikningum af hóteli í gömlu síldarverksmiðjunni að Hafnarlóð 9 til kynningar. Aðaluppdrættir verða sendir til afgreiðslu hjá Hafnar- og skipulagsnefnd þegar þeir liggja fyrir.

13. Bréf

a. Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið dags. 12. nóvember 2024

Efni: Náttúrustofur stöðumat og sviðsmyndir

Fyrir fundinum lá stöðumat og mögulegar sviðsmyndir er varða framtíðarfyrirkomulag á rekstri Náttúrustofa á landinu til kynningar. Var sveitarstjóra falið að undirrita framlengingu á núgildandi samningi til eins árs á meðan vinna vegna verkefnisins er yfirstandandi.

14. Fundargerðir:

a. Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 4. nóvember 2024

Lögð fram til kynningar.

b. Stjórnar SSNV dags. 5. nóvember 2024

Lögð fram til kynningar.

c. Stjórnar SSNV. dags. 4. desember 2024

Lögð fram til kynningar.



d. Félags- og skólaþjónustu A-Hún dags. 25. nóvember 2024

Lögð fram til kynningar.

15. Önnur mál

Oddviti þakkar sveitarstjórn og starfsfólki sveitarfélagsins fyrir gott samstarf og vel unnin störf á árinu sem er að líða og óskar öllum gæfuríkrar jólahátíðar og farsældar á komandi ári.

Oddviti leggur til að sveitarfélagið styrki Hólaneskirkju og Rauðakrossdeildina á Skagaströnd um 150.000 kr sem verði nýttar til stuðnings heimilum sem þurfa á fjárstuðningi að halda í tengslum við jólahald árið 2024. Var tillagan borin upp til atkvæðagreiðslu og samþykkt samhljóða með fimm greiddum atkvæðum.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 11:04